

Lífsins vegur- leiðsögn og nám

Landssambandsþing 2019 var haldið í Kvennaskólanum í Reykjavík að Þingholtsstræti 37 laugardaginn 4. maí 2019.

Yfirskrift þingsins er lýsandi fyrir það starf sem fram fer í DKG þar sem við bæði lærum og kennum eitthvað nýtt á hverjum degi.

Dagskrá:

9:30-10:00 Mæting og kaffisopi. Tæplega 60 félagkonur mættu til þingsins. Gítarleikari lék meðan félagskonur gæddu sér á kaffi og kleinum.

10:00-10:20 Þingsetning. Forseti Jóna Benediktsdóttir setti þingið með því að kveikja á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hún kynnti dagskrána.

Orð til umhugsunar. Eygló Björnsdóttir óskaði fundarkonum gleðilegs sumars. Hún fjallaði um uppáhalds árstíð sína, vorið þegar allt er að vakna til lífsins. Veturinn og myrkrið lætur undan síga og mannfólkið fyllist ákveðnum krafti. Uppskera vorsins og verklok kennarans eru á þessum árstíma, skörp skil í starfinu sem fáar starfstéttir upplifa með sama hætti. Eygló las nokkur brot úr kvæðum Davíðs og setti saman á frjállega hátt. Hún minntist einnig Elísabetar Geirmundsdóttur listakonu frá Akureyri en Betadeild gaf út bók um hana fyrir nokkrum árum. Hún las því næst ljóð sem fannst á borði heima hjá listakonunni að henni genginni.

Minningarorð. Sigríður Guðnadóttir formaður félaga- og útbreiðslunefndar flutti minningarorð um fjórar félagskonur: Áslaugu Brynjólfssdóttur, sem lést 31. desember 2017. Hún var í Alfadeildinni frá 1979, Þuríði J. Kristjánsdóttur, sem lést 20. apríl 2018. Hún var stofnfélagi Alfadeildar 1978, Kristínu Thorlacius, sem lést 4. júní 2018. Hún var einn af stofnfélögum Deltadeildar 1987 og Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, sem lést 19. mars 2019. Hún var einn af stofnfélögum Gammadeildar 1977. Þessara kvenna er minnst með þakklæti af félagskonum í DKG. Fundarkonur risu úr sætum til að heiðra minningu þeirra.

10:20-10:35 Ávarp Lace-Marie Brogden, PhD, en hún er annar varaforseti alþjóðastjórnar DKG. Hún færði okkur kveðjur frá alþjóðastjórninni. Hún greindi frá þeim breytingum, sem eiga sér stað hjá alþjóðastjórninni nú um stundir, meðal annars eru allar ráðstefnur nú alþjóðlegar og með ákveðnu þema. Þetta auðveldar félagskonum að velja á milli mismunandi ráðstefna út frá áhuga sínum. Fréttabréf og app hafa verið uppfærð. Námskeið fyrir embættismenn hafa verið endurskipulögð og svæðum hefur verið skipt upp vegna námskeiðahaldsins. Þannig er öllum Evrópukonum vísað í þjálfun á Íslandi í ár. Aðalstöðvarnar hafa verið að auka teymisvinnu á skrifstofunni sinni. Áður var það þannig að þegar einhver starfsmaður hætti, þá myndaðist tóm. Með þessu nýja verklagi gerist það ekki. Einnig er verið að einfalda umsóknir og ferla fyrir þá sem vilja sækja um að taka þátt í erlendu starfi. Á Íslandi fjölga meðlimum í DKG sem er einstakt, til hamingju með það. Hún sagði frá verkefni hjá DKG, sem er söfnun í neyðarsjóð til að aðstoða þá sem verða fyrir hamförum. Hún sagði frá því að sambandið tæki nýja tækni stöðugt meira í notkun í starfi sínu. Sjálf tók hún þátt í landssambandsþinginu í Alaska, sem allt fór fram „online“. Á sumum stöðum var einn, á öðrum heil deild. Þetta er hagkvæmt bæði vegna sparnaðar á tíma og peningum. Aðalstöðvarnar bjóða núna upp á samtöl í rauntíma á vefnum þar sem hægt er að spyrja spurninga, en muna þarf að það er 5 tíma munur á klukkunni. Mikil endurskoðun hefur átt sér stað á grunnögnum sambandsins, t.d. constitution, national standing rules og ceremonies. Þið þurfið að vera meðvitaðar um þá breytingu að nöfn á landssamböndum eru núna landfræðileg, þannig er nafnið á íslenska landssambandinu Iceland. Á vef sambandsins er myndband um hvernig hægt er að skrá sig á mismunandi alþjóðlegar ráðstefnur.

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir óskaði eftir að segja nokkur orð og minntist þar á feril Lace-Marie og þá vissu sína að í framtíðinni yrði hún forseti samtakanna. Hún vildi einnig leggja áherslu á mikilvægi þess að taka þátt í alþjóðastarfinu. Þá sagði Sjöfn frá starfi Sigrúnar Klöru Hannesdóttur - Vinir Perú, þar sem hún er m.a. að afla fjár með sölu vara frá Perú til að koma upp bókasöfnum og námsefni.

10:35 Aðalfundur

Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt lýsingu í reglugerð.

a) Kosning fundarstjóra. Forseti lagði til að Helga Guðný Halldórsdóttir, yrði fundarstjóri og Jónína Hauksdóttir henni til aðstoðar. Þetta var samþykkt með lófataki.

b) Kosning tveggja fundarritara. Forseti lagði til að Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, ritari landssambandsstjórnar og Ragnheiður Axelsdóttir, ritari Kappadeildar yrðu fundarritarar. Það var samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og kynnti næsta lið.

c) Skýrsla stjórnar. Forseti landssambandsins, Jóna Benediktsdóttir, fór yfir störf sambandsins sl. tvö ár 2017-2019. Hún greindi frá samsetningu stjórnar. 13 stjórnarfundir hafa verið haldnir, 8 á Skype, 1 á Ísafirði og annar á Egilsstöðum og þrjár í Reykjavík. Vefstjóri, gjaldkeri og lögsögumaður héldu áfram störfum frá fyrra tímabili. Fyrir aðalfundinum lágu skýrslur allra deilda, sem verða birtar á vefnum í næstu viku. Alþjóðaráðstefnan í sumar hefur verið rædd á mörgum fundum og ljóst hversu mikilvægt þetta verkefni er í starfinu. Starf stjórnar er samofið störfum stýrihóps ráðstefnunnar. Hún fór yfir dagskrár framkvæmdaráðsfunda, sem hafa verið þrjár. Fundargerðir framkvæmdaráðs eru á vefnum. Hún fjallaði um framkvæmdaáætlun og fór yfir hvernig verkefni hafa gengið. Fjöldi félagskvenna er nú 341. Hvatt var til að myndir yrðu settar inn í félagatalið og það er að takast núna á lokametrinum. Stjórnin vildi vekja athygli á efni kvenna í sambandinu. Settur var þekkingarhnappur á vefinn, en ekki hefur tekist að fá mikið efni inn þar. Flest hefur gengið eftir í menntamálum. Laganefnd og lögsögumaður hafa unnið að breytingum sem koma fram á eftir. 16 fréttabréf forseta hafa verið send. Hún þakkaði öllum þeim félagskonum, sem hafa lagt af mörkum til félagsins sem og stjórnarkonum. Fundarstjóri bauð upp á umræður. Skýrslan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt með lófataki.

d) Reikningar lagðir fram. Gjaldkeri, Jensína Valdimarsdóttir, gerði grein fyrir reikningum sambandsins og dreifði ljósritum til félagskvenna í upphafi máls síns. Tekjur vegna félagsgjalda voru 6.765.000 kr. á tveggja ára tímabili, vörusala 256.000 kr. þátttökugjöld á þingum var 1.484.400 kr., vextir og verðbætur 81.662 kr. eða samtals tekjur 8.587.062 kr. Kostnaðarliðir eru prentkostnaður 120.822 kr., ferðakostnaður innanlands 444.544 kr., ferðakostnaður erlendis 421.283 kr., pósthúðargjöld 1.372 kr., vörukaup (félagsskírteini og nælur) 94.377 kr., styrkir 200.000 kr, vefur 202.374 kr, ýmis kostnaður er 132.969 kr, félagsgjöldin til alþjóðasamtaka 3.112.016 kr., kostnaður vegna þinga 1.529.828 kr., vextir og verðbætur 18.187 kr.. Samtals var kostnaður 6.277.772 kr.. Rekstrarafgangur er því 2.309.290 kr. Efnahagsreikningur 2019: Eignir alls 5.671.729 kr. á ýmsum reikningum, þar af 647.272 kr. í námsstyrkjasjóði. Eigið fé er sama tala, var fyrir 3.362.439 kr. og við bætist rekstrarafgangur ársins 2.309.290 kr. Skoðunarmenn reikninga hafa skrifað upp á reikninginn. Fundarstjóri bar reikning upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða án umræðna.

e) Árgjald ákveðið. Gjaldkeri bar upp tillögu að því að árgjaldið verði óbreytt á næsta tímabili eða 10.000 kr. Það var samþykkt með lófataki.

f) Fjárhagsáætlun lögð fram. Gjaldkeri landssambandsins, Jensína Valdimarsdóttir, lagði fram fjárhagsáætlun fyrir næsta tímabil 2019-2021. Reiknað er með félagsgjöldum fyrir 340 eða 6.800.000 kr. alls, þátttökugjöldum 940.000 kr., vörusölu 150.000 kr., vextir og verðbætur 60.000 kr. Samtals tekjur eru 7.950.000 kr. Stærsti liður útgjalda er greiðsla til alþjóðasambandsins vegna félagsgjalda 3.619.000 kr., aðrir stórir liðir eru ferðarkostnaður 1.200.000 kr. og kostnaður vegna þinga 1.400.000 kr., einnig er gert ráð fyrir 500.000 í styrki til alþjóðaráðstefnunnar og 300.000

kr. í aðra styrki. Gert er ráð fyrir 200.000 kr. í vefinn og 421.000 kr. eru í kostnað, sem er blanda af ýmsu, 100.000 kr. í gjafir og 100.000 kr. í vörukaup, auk 50.000 kr. í prentkostnað, 50.000 kr. í vexti og 10.000 kr. í pósthúðargjöld. Í heildina 7.950.000 kr. Í umræðum um fjárhagsáætlun kom fram að fundarkonum fannst styrkur landssambandsins til alþjóðaráðstefnunnar í Reykjavík lítill, einkum þegar tekið er tillit til þess hversu vel landssambandið stendur fjárhagslega. Bent var á að alþjóðasambandið ber ábyrgð á ráðstefnunni og mun óska eftir að hagnaði sé skilað til Ameríku. Við viljum ekki senda peningana okkar þangað. Lögð var fram tillaga um að stjórnin hefði heimild til að setja meira fé í ráðstefnuna, ef þörf væri á því. Það var samþykkt samhljóða.

g) Kosning forseta landssambandsins. Formaður uppstillingarnefndar, Guðbjörg M. Sveinsdóttir, Þetadeild, kynnti niðurstöður uppstillingarnefndar. Hún greindi frá því að í uppstillingarnefnd hefðu setið ásamt henni Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild og Jónína Eiríksdóttir, Deltadeild. Uppstillingarnefnd leggur til að Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Alfadeild, verði forseti. Fundarstjóri leitaði eftir öðrum frambjóðendum í embættið. Engin tillaga barst. Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

h) Kosning annarra stjórnarmanna landssambands. Tillaga uppstillingarnefndar var lögð fram um að Jónína Hauksdóttir, Þetadeild, verði fyrsti varaforseti, Guðrún Edda Bentsdóttir, Kappadeild, verði annar varaforseti, Aníta Jónsdóttir, Þetadeild, verði ritari og Theodóra Þorsteinsdóttir, Deltadeild, meðstjórnandi. Fundarstjóri leitaði eftir öðrum tillögum. Ekki bárust aðrar tillögur. Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

i) Kosning í uppstillingarnefnd. Lagt til að Guðbjörg M. Sveinsdóttir, Þetadeild, Jóna Benediktsdóttir, Iotadeild og Jónína Eiríksdóttir, Deltadeild, skipi næstu uppstillingarnefnd. Þetta var samþykkt.

j) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga. Lagt til að Hildur Elín Vignir, Kappadeild og Björg Eiríksdóttir, Gammadeild, verði skoðunarmenn reikninga. Þetta var samþykkt.

k) Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar. Forseti, Jóna Benediktsdóttir, greindi frá vinnunni við þetta verkefni. Miklar breytingar voru gerðar á lögum alþjóðasambandsins, sem ekki hafa allar áhrif á lögin okkar. Mannabreytingar urðu í laganefndinni, sem gerði starfið erfiðara. Laganefnd og lögsögumaður fóru vandlega yfir allar breytingar sem gerðar voru á þinginu hjá alþjóðasambandinu. Við þá yfirferð kom í ljós að gera mætti fleiri breytingar. Það má segja að flokkar breytinga séu þrjár; breytingar á lögum alþjóðasambandsins, karlkyns persónufornöfnum eytt eins og hægt er og settir upp listar yfir verkefni embættismanna, í þessum tilfellum er ekki breyting á verkefnum. Loks eru breytingar til að skýra verklag eða smávægilegar orðalagsbreytingar. Mikil vinna hefur verið í kringum þetta. Þegar að stjórnin var orðin sátt, búin að lesa oft yfir, þá voru tillögurnar settar á vefinn til kynningar. Þið fenguð tillögurnar og voruð beðnar að lesa þær og senda athugasemdir fyrir þingið, til að ekki þurfi margir að bíða meðan fundið er út úr málum, en engar athugasemdir bárust. Ef það er eitthvað varðandi málfar eða ritmál, biðjum við um að það sé sent í tölvupósti. Hérna tókum við við athugasemdum vegna efnislegra atriða. Þrátt fyrir þessa miklu vinnu kom forseti auga á tvö atriði sem hún vildi leiðrétta. Jóna útskýrði hvernig breytingarnar eru settar fram í skjalinu, með lettri og litamerkingum. Síðan fór hún yfir hverja grein og tiltók í hverju breytingar í hverri grein felast.

Að lokinni yfirferð forseta, bauð fundarstjóri upp á athugasemdir, en engar bárust. Fundarstjóri bar upp lögin til samþykktar og voru lögin samþykkt samhljóða.

Jóna kynnti reglugerðarbreytingar, en við höfum meira um þær að segja. Hún greindi frá því að uppfæra þarf handbók sambandsins. Fundarstjóri bauð upp á athugasemdir eða tilmæli vegna reglugerðarbreytinga. Engar athugasemdir bárust. Samþykkt með lófataki.

l) Ályktanir og tillögur sem berast til landssambandsþings. Ekki hafa neinar ályktanir og tillögur borist.

m) Önnur mál

1. Afhentir styrkir úr námsstyrkjasjóði: Tvær konur fá styrki; Ingileif Ástvaldsdóttir Mýdeild og Aníta Jónsdóttir Betadeild. Fulltrúum úr deildum þeirra voru afhent skjöl til staðfestingar þar sem þær höfðu ekki tök á að mæta.

2. Alþjóðaráðstefnan á Íslandi: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir sagði frá alþjóðaráðstefnunni sem verður haldin 25. - 27. júlí 2019. Hún sagði frá dagskrá ráðstefnunnar, fjölda skráninga, fór yfir reiti á skráningarblaði sem vefjast fyrir mörgum og hvatti til þátttöku á ráðstefnunni.

Að loknum aðalfundi var hádegisverður, sem reiddur var fram af kokki Kvennaskólans og var gerður góður rómur að matnum.

13:00-13:10 Jóna fráfarandi forseti landssambandsins afhenti Ingibjörgu Elsu nælu forseta. Ingibjörg Elsa afhenti Jónu því næst nælu fyrir fyrrverandi forseta. Þessu næst bar Jóna þinginu kveðju frá Ingibjörgu Jónasdóttur, forseta Evrópusvæðisins og Anítu Jónsdóttur, sem er nýkjörin í stjórn landssambandsins, en þær gátu ekki tekið þátt í þingstörfum.

Ávarp Jónu Benediktsdóttur, forseta landssambandsins. Jóna ræddi um starfið í DKG og markmið þess og tengdi í víðara samhengi, einkum varðandi jafnréttismál. Hún fór yfir það að takast á við forystuhlutverk í samtökunum, samveru og samstillingu hugans með þeim konum sem hafa svipuð áhugamál. Jóna sagðist brenna fyrir menntamálum en í seinni tíð hefur hún orðið meðvitund um mikilvægi þess að styðja sérstaklega við konur. Hlutur kvenna hefur verið veigaminni í stefnumótun en eðlilegt getur talist. Markmið samtakanna hjálpa til við að auka áhrif kvenna og er hvatning til dáða. Virkni skipti mestu máli og þor til að láta til sín taka. Hún sagði konur þurfa að taka pláss, setja sig inn í mál og láta skoðanir sínar heyrast. Það gefast góð tækifæri innan DKG til að æfa sig. Þegar IJ hringdi og beitti snilld til að fá mig til að taka að mér hlutverk forseta, þá vissi ég ekki hvað ég var að fara út í, sem er ágætt. Það var til dæmis lærdómsríkt að fara í gegnum 240 lagabreytingar á þinginu í Bandaríkjunum í fyrra. Mikill sjóður visku og þekkingar býr í samtökunum, það að taka þátt í alþjóðasamtökunum hefur opnað augu mín fyrir því að viðhorf til jafnréttis hér á landi eru framúrstefnuleg miðað við víða annars staðar. Jóna hvetur félagskonur til að taka þátt í alþjóðlegu starfi sambandsins og hafa áhrif. Það er gott tækifæri til að efla eigin þroska og bæta samfélagið.

13:10-13:45 Leadership, Lace-Marie Brogden, PhD, annar varaforseti alþjóðastjórnar. Hún sagði viðfangsefni sitt byggja á því að það þurfi að leiða frá þeim stað sem maður er á „Leading from where you are“. Í bataferli eftir sjúkdóm fór hún að hugsa hvað hún ætti að segja í Reykjavík. Þannig var efnið til. LEAD; Listening, Excelling Acknowledging, Daring, Hún sagði sögur af reynslu sinni m.a. af forsetum sambandsins sem hún hefur unnið með. L; hlustun. Hún kemur inn í salinn, hún sest og spyr hvað eigum við að gera? Við erum að bíða eftir því hvað þú segir. Ég er bara meðlimur eins og þið, við erum leiðtogar saman. Og við ræddum saman. Þetta var fyrir 6 árum, en þetta skiptir mig enn máli. Leiðtogar hlusta. Það er erfitt að hlusta vegna þess að það krefst þolinmæði. E: Excel. Í hverju ertu best? Leiðtogahæfni þín byggist á styrkleikum þínum. Hún fékk bók frá yfirmanni sínum um leiðtogahæfni, sem hann sagði góða. Henni fannst hún leiðinleg. Fór að skoða hvenær hún væri skrifuð. Áttaði sig á því, að það sem hún er góð í, stóð ekki í þessari bók. Mér mistekst, ef ég reyni að fara eftir þessari bók, því þetta eru ekki mínir styrkleikar. Hún lagði æfingu fyrir fundarkonur. Þið fáið spjald; skrifid á spjaldið það sem þið eruð góðar í. Fyrir neðan fyrirsögnina „Ég er góð í:“ listið þið upp styrkleika ykkar. Ljúkið því fyrir fimmtudag og setjið síðan upp þar sem þið getið séð listann í að minnsta kosti mánuð, vegna þess að það tekur mánuð að muna hluti. Þú ert besti leiðtoginn þegar þú byggir á því sem þú ert góð í. A: Acknowledge: Einn af fyrrverandi forsetum, sagði alltaf I APPRECIATE YOU – í höfuðstöfum. Það er mikilvægt að viðurkenna aðra fyrir allt starf þeirra, mér fannst ég alltaf svo vel metin. Gerið þetta að kerfisbundnu atriði í leiðtogavinnu ykkar. D: Dare. Ég er hræðslupúki. Hrædd við að gera ýmislegt. Á spítalanum kom til hennar kona. Ég leit í augun á henni og sagði

„Þú ert stórkostleg“. Sama gerðist aftur. Hún hitti Cris og sagði það sama. Allir sérfræðingar voru konur og ég sagði við allar „Þú ert stórkostleg“. Þú þarft að hafa hugrekki ef þú vilt vera leiðtogi, annars ertu bara framkvæmdastjóri. Vertu hugrökk, án hræðslu. Maður getur aðeins verið hugrakkur frá þeim stað sem maður er sjálfur staddur á. Fundarstjóri þakkaði Lace-Marie fyrir hvetjandi erindi.

13:45-14:00 Teygjur/hlé. Jensína Valdimarsdóttir stýrði liðleikaæfingum fundarkvenna.

14:00-14:30 Hlúð að velferð ungs fólks- Hvað getum við gert? Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor. Hún var að gefa út bók um lífssögur ungs fólks. Sigrún byrjaði á því að lesa upp úr bókinni „Amma - draumar í lit“ eftir Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur um viðbrögð barns við ólíkum viðbrögðum fullorðins fólks. Hvaða veganesti kemur börnum best? Spurningin er krefjandi því framtíðin er óviss. Spáð er að 65% barna í dag muni sinna störfum sem ekki eru til núna. Þetta felur í sér miklar samfélagsbreytingar og inn í það koma líka þær loftslagsbreytingar sem blasa við og hvað sé hægt að gera til að sporna við þeim. Ungu fólkið er farið að berjast fyrir breyttum heimi, sem gefur okkur von. Hvers konar hæfni vitum við að er nauðsynleg fyrir börn; mikilvægi tungumálsins, hæfni í samskiptum, skapandi hugsun, gagnrýnin hugsun, góð líðan og góð sjálfsmynd, sjálfstraust eru mikilvæg. Rækta mannkosti, mennskuna, en láta ekki tækni taka yfir. Ráðstefnan í sumar er einmitt í þessum anda og leiðinlegt að geta ekki verið með. Á þessari nýju öld er samhljómur um þessi áhersluatriði. Þetta er tónninn í þessari bók Lífssögur ungs fólks. Við búum leynt og ljós að okkar uppeldis- og menntasýn, markmið aðferðir og gildi. Undir liggur lífssaga. Ég hef alltaf haft áhuga á lífi fólks og samskiptum. Það er mikilvægt að skoða lífssögu sína, hún er rauður þráður gegnum lífið. Samskiptahæfni – að geta sett sig í spor annarra – að greina á milli sjónarmiða og samræma þau: Samskiptafærni, tilfinningaþroski, siðferðiskennd, lesskilningur, fjölmeningarhæfni, borgaravitund. Við þurfum að eiga í samskiptum á netinu, til þess þarf ekki eingöngu tæknikunnáttu, heldur líka samskiptahæfni. Allir þessir þroskaþættir fléttast saman, undirliggjandi eru mannskilningur og mannréttindi. Það að mennta hugann án þess að mennta hjartað er engin menntun, sagði Aristóteles. Þessa hæfni er hægt að efla bæði á heimili og í skólum. Hún sagði frá efni bókarinnar Lífssögur ungs fólks, sem byggir á langtímarannsókn, heill árgangur frá 14 ára til 22 ára aldurs. Hún ræddi við 20, en rekur lífssögur 5 ungmenna, frá 16 til 32-33 ára. Hún dregur fram samskipti ungs fólks við þá sem eru þeim nánir, foreldra, vini sambúðarfólk/maka, börn sín, áhættuhæðun, vímuefnaneyslu, uppeldissýn m.m. Hvernig hafði lífssagan áhrif á uppeldis- og menntasýn. Einn sagði frá því að afi hefði sagt að nú væri raunverulega hægt að ræða málin við hann þegar hann var orðinn 5 ára. Hann tók þetta alvarlega og lagði sig fram um að ræða við afa sinn. Hann gerir sama gagnvart dóttur sinni. Dró líka fram styrkleika þeirra í lok viðtals. Sigrún bað fundakonur tvær og tvær saman að hugsa um hvað það sé í lífssögu minni sem hefur haft áhrif á uppeldis og menntasýn mína. Mikið suð var í salnum meðan konur ræddu saman. Sigrún studdist við kenningu Baumrind um leiðandi foreldra, eftirláta, skipandi og afskiptalaus foreldra. Þeir sem hafa búið við leiðandi uppeldishættir við 14 ára aldur; ríkari samskiptahæfni, betri líðan, betra sjálfstraust, meiri trú á eigin sjálfstjórn, minni líkur á áhættusamri vímuefnaneyslu. Í langtímasniði er spáð ár fram í tímann. Þetta eru sterkar niðurstöður. Áherslur á samræður, mikilvægt að skapa ungmennum tækifæri til samræðna augliti til auglitis. Börnin finna að foreldrar veita þeim athygli, meiri tilfinninganánd, traust myndast og öryggiskennd verður ríkari. Börn þroska með sér margvíslega hæfni með þessu. Þau verða að fá tækifæri til að finna til sín, hafa tilgang. Það skiptir máli að laða fram hugsun þeirra. Hún talaði líka um stuðning við foreldra. Uppeldishlutverk foreldra fær lítið rými. Ætti að styðja foreldra til að þróa uppeldissýn sína og styrkja þau sem foreldra. Í hnotskurn er ákallið hérna að athygli verði veitt til að styrkja foreldra og fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu, efla virðingu í samfélaginu fyrir þeim starfsstéttum sem gegna miklu ábyrgðarhlutverki við uppeldi og menntun æskunnar, rækta mennskuna. Ég bind vonir við að 21. öldin verði gullöld í þessu samhengi. Við verðum öll að vinna að þessu saman. Hún vitnaði í Vigdísi Finnbogadóttur sem sagði m.a.: Öll börn eru sameign okkar og á samábyrgð okkar sem þjóðar.

14.30-14:45 Samræður um erindi Sigrúnar. Farið var í hópvinnu við að ræða og skoða „Hvað DKG systur geta gert til að hlúa að velferð barna og ungmenna?“ Jenný Gunnbjörnsdóttir tók við hugmyndum fundarkvenna, en þær verða kynntar á heimasíðu samtakanna. Sigrúnu Aðalbjarnardóttur var færð rós fyrir sitt framlag til þingsins.

Fundarstjóri kallaði síðan fram konur sem unnið hafa að breytingum á lögum og reglugerðum í laganefnd, auk kvenna úr menntamálanefnd og færði Jóna þeim rósir fyrir vel unnin störf. Lace-Marie var afhent rós fyrir sitt framlag.

14:50-15:00 Samantekt og þingslit. Jóna fór yfir helstu atriði í dagskránni, hún þakkaði fundarkonum fyrir þátttökuna og þeim sem fluttu erindi fyrir áhugavert efni og hvatningu til góðra verka. Jóna þakkaði síðan samstarfskonum sínum sl. tvö ár fyrir samstarfið og færði þeim að gjöf kertastjaka, sem hún hafði prentað á merki DKG.

Ingibjörg Elsa nýr forseti Landsbandsins tók síðan til máls og þakkaði það traust að vera kosin forseti. Hún minntist sérstaklega á erindi gestsins og mikilvægi þess að sýna þor en hún hefur haft það að leiðarljósi að ef hún fær hraðan hjartslátt og óttast að stíga eitthvert skref, er rétt að taka það skref. Hún sagði konur í DKG duglegar og kraftmiklar og hún sagðist hlakka til samstarf við þær.

Fundarstjóri þakkaði fyrir fundinn og Jóna þakkaði fundarstjórum fyrir þeirra störf. Í lokin leiddi Soffía Vagnsdóttir söng og sungu félagskonur „Lóan er komin“ við raust við píanóundirleik Soffíu.

Jóna sleit síðan þinginu formlega kl. 15.15.

Eftir þingslit var boðið upp á kaffi og meðlæti að hætti kokksins í Kvennaskólanum. Loks fræddi Lace-Marie gjaldkera deilda og sambandsins um nýjar reglur og aðferðir vegna innheimtu þátttökugjalda.